



Hitamælingar í mælingaholum við Hamar
árið 1991

Guðni Axelsson

Greinargerð GAx-91-03

HITAMÆLINGAR Í MÆLINGAHOLUM VIÐ HAMAR ÁRIÐ 1991

Í október 1990 var steyppt í gamlar borholur á vinnslusvæði Hitaveitu Dalvíkur, sem ekki var útlit fyrir að nýttar yrðu í framtíðinni. Var þetta gert til þess að hindra að kaldara vatn úr efri jarðlögum gæti streymt niður holurnar og kælt jarðhitakerfið. Mælirör til hitamælinga voru steyppt í holur 3, 4 og 5 og mælirrörum til hitamælinga og vatnsborðsmælinga var komið fyrir í holum 7 og 9, en holur 1, 2 og 6 voru einfaldlega fylltar af steypu. Tilkoma mæliröranna gerir kleift að fylgjast vel með breytingum á hitaástandi jarðhitakerfisins við Hamar í framtíðinni.

Holur 3, 4, 5, 7 og 9 voru hitamældar við þrjú mismunandi tækifæri nú síðsumars og í haust og eru mælingarnar birtar á meðfylgjandi myndum. Ekki verður fjallað um mælingarnar hér, því nánari umfjöllun um þær mun bíða skýrslu um vinnslueftirlit ársins 1991, sem væntanlega kemur út vorið 1992. Þó má geta þess að mælingarnar virðast að öllu leyti eðlilegar og munu þær nýtast sem viðmiðunarmælingar í framtíðinni.


Í mælingunum kom í ljós að fyrirstöður voru á 460 m dýpi í mælirrörum hola 3 og 5 og á 200 m dýpi í mælirröri holu 4. Talið var að um steypuhröngl væri að ræða, sem ekki hefði hreinsast úr rörunum er þau voru steyppt, þrátt fyrir að vatni væri dælt á eftir steypunni. Því voru gerðar nokkrar tilraunir til þess að reka fyrirstöðurnar neðar í rörunum. Bar það nokkurn árangur, en þó vantar enn um 100 m til þess að hægt sé að komast til botns í holu 5. Tafla 1 hér að neðan sýnir dýpi á mælirrörum í holum við Hamar ásamt núverandi dýpi á fyrirstöðum. Þar sést að samtals vantar 195 m á að hægt sé að hitamæla öll mælirörin í botn.

Tafla 1. Upplýsingar um mælingaholur við Hamar.

Hola	Lengd mælirörs (m)	Dýpi á fyrirstöðu (m)
3	498	465
4	301	244
5	578	481
7	307	300
9	254	253
Samtals	1938	1743


29 Oct 1991 gax
Oracle

Hamar í Svarfaðardal Hitamælingar í mælingaholum 1991




29 Oct 1991 gax
L= 52903 Oracle

Hitamæling holu 3 við Hamar




29 Oct 1991 gax
L= 52904 Oracle

Hitamæling holu 4 við Hamar




29 Oct 1991 gax
L= 52905 Oracle

Hitamæling holu 5 við Hamar



29 Oct 1991 gax
L= 52907 Oracle

Hitamæling holu 7 við Hamar



29 Oct 1991 gax
L= 52909 Oracle

Hitamæling holu 9 við Hamar

